

Fiskeldi Austfjarða hf.

10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði

Mat á umhverfisáhrifum - frummatsskýrsla

6. Umhverfisáhrif

6.13 Samlegðaráhrif



6.13 Samlegðaráhrif

6.13.1 Grunnástand

Tvö fyrirtæki hafa áform um laxeldi á Austfjörðum (tafla 30). Þau eru Fiskeldi Austfjarða og Laxar fiskeldi. Eins og áður var sagt þá er Fiskeldi Austfjarða með eldi í Beru- og Fáskrúðsfirði. Áætlanir Fiskeldis Austfjarða gera ráð fyrir umfangsmikilli stækkun og stefnt er að 37.800 tonna framleiðslu af laxi á ári. Byggja á upp sjókvíaeldi í Seyðisfirði og Stöðvarfirði. Laxar fiskeldi ehf. eru með leyfi til að framleiða 6.000 tonn af laxi í Reyðarfirði og hafa sótt um 14.000 tonn til viðbótar. Auk þess sem unnið er að umsókn um 3.800 tonna leyfi til eldis í Fáskrúðsfirði. Gangi áætlanir eftir þá verður árleg framleiðsla um 61.400 tonn.

Burðarþol fjarða á Austfjörðum er nú áætlað 62.000 tonn. Burðarþolsmat liggur fyrir í Reyðarfirði Berufirði, Fáskrúðsfirði, Seyðisfirði og Stöðvarfirði.

Ljóst má vera að gangi ofangreindar áætlanir eftir er um að ræða töluvert afrek í uppbyggingu og fjölgun atvinnutækifæra. Reynslan sýnir að sjókvíaeldi í köldum sjó er hagkvæmara en eldi í hlýjum sjó og einnig verður hættan af smitsjúkdómum og laxalús minni. Eldisfyrirtækin hafa tekið upp eða stefna að umhverfissvottun á sinni framleiðslu, sem krefst mikillar þróunarvinnu og nýsköpunar í vinnubrögðum. Mikilvægt er að áætlanir um uppbyggingu innviða á Austfjörðum gangi eftir svo tryggt sé að sjókvíaeldi dafni sem samkeppnishæf atvinnugrein.

Landsamband veiðifélaga telur að samlegðaráhrif af auknu laxeldi hérlendis ógni villtum laxastofnum. Með markvissu samstarfi fiskeldisfyrirtækja verður lögð áhersla á að fyrirbyggja skaða og vernda íslenska laxastofna, enda ætti áhættan af eldinu að vera mjög takmörkuð.

Tafla 30: Eldisáform Fiskeldis Austfjarða á Austfjörðum.

FJÖRÐUR	FYRIRTÆKI	ÁFORM FRAMLEIÐSLU	UM
		Lax	
		Tonn/ár	
SEYÐISFJÖRÐUR			
	Fiskeldi Austfjarða	10.000	
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR			
	Fiskeldi Austfjarða	11.000	
STÖÐVARFJÖRÐUR			
	Fiskeldi Austfjarða	7.000	
BERUFJÖRÐUR			
	Fiskeldi Austfjarða	9.800	
SAMTALS		37.800	

6.13.2 Viðmið umhverfiáhrifa

Við mat á sammögnunaráhrifum framkvæmdar er í aðalatriðum horft til samfélagslegra þátta annars vegar og villta stofna laxfiska hins vegar. Eftirfarandi viðmið eru notuð:

- Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030.
- Sóknaráætlun Austurlands 2015-2019.
- Byggingáætlun 2014-2017.
- Stefna og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2014-2016.
- Meginstefna Landsambands fiskeldisstöðva við eldi í sjókvíum.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni.
- Lög og reglugerðir sem gilda um eldi laxfiska hér á landi.

6.13.3 Umhverfisáhrif

Samlegðaráhrif á samfélagslega þætti á Austurlandi takmarkast að mestu við landshlutann. Afleidd áhrif framkvæmdar á atvinnu og efnahag, s.s. útflutningstekjur, eru þó á landsvísu.

Gangi fyrirbyggjandi áform og áætlanir eftir mun skapast fjöldi starfa sem mun hafa verulega jákvæð áhrif á íbúapróun (kafla 6.7). Störfum sem krefjast sérfræðimenntunar mun fjölga í kjölfar uppbyggingarinnar. Á árum 1998-2018 hefur íbúum Austurlands fjölgað um 5,13%, á meðan íbúum á Seyðisfirði hefur fækkaði um 14,6% .

Áform Fiskeldis Austfjarða og Laxa fiskeldis ehf. gera ráð fyrir að á Austfjörðum muni skapast um 486 bein störf í fiskeldi. Auk þess munu skapast mörg afleidd störf, s.s. vegna aðfanga og þjónustu sem fyrirtækin kaupa á svæðinu.

Aukið umfang í sjókvíaeldi kallar á bættar samgöngur og öfluga innviði, m.a. göng á milli Seyðisfjarðar og Egilsstaða, uppbyggingu á heilsársvegi um Öxi og betri almenningsamgöngur frá Djúpavogi og Seyðisfirði til annarra byggðalaga á Austfjörðum. Göng á milli Seyðisfjarðar og Egilsstaða ásamt nýjum vegi um Öxi myndi bæta tengingar við Seyðisfjörð og auðvelda útflutning með Norrænu. Almennt er þó gott vegakerfi innan Austurlands.

Brimberg ehf. er með rekstrarleyfi fyrir kræklingaeldi í Seyðisfirði en ekki starfsleyfi. Ekki verður talið að áætlanir Fiskeldis Austfjarða hafi áhrif þar á enda um ólíkar tegundir að ræða.

Aukning á framleiðslu laxfiska eru ekki talin hafa áhrif til ofauðgunar á næringarefnum í sjó, því framleiðsluleyfi eru bundin við sjálfbært burðarþol fjarða og vöktun á umhverfisáhrifum.

Bent hefur verið á að auknu eldi á Austfjörðum geti fylgt tjón á villtum laxastofnum.

Laxalús hefur ekki fundist í eldiskvíum á Austfjörðum og óvíst hvort það gerist (sjá kafla 6.4). Ef það gerist verður þess gætt að halda fjölda laxalúsa á eldisfiski í sjókvíum í Seyðisfirði í lágmarki með mótvægisáðgerðum í upphafi sumars og þá yrðu áhrif á villta laxastofna á svæðinu óveruleg.

Ef laxalúsmit kemur um ber að hafa í huga að þar sem laxalúsarlirfur þroskast ekki (smitunarstigið) við sjávarhitastig undir 3°C og smittíðni er lítil við 5°C¹ eru áhrif af eldinu á eldi í fjörðum suður af Seyðisfirði talin lítil og þar með lítil hættu á sammögnun yfir vetrarmánuðina. Ef laxalúsasmit kæmi upp að sumri er ólíklegt að lirfur gætu borist í firði suður af Seyðisfirði þar sem laxalúsarlirfur lifa í takmarkaðan tíma og fjarlægðir eru umtalsverðar og lítið er af villtum laxfiskum á svæðinu.

¹ Dalvin, 2016

Af auknu laxeldi kann að leiða að fleiri laxar sleppi úr eldiskvíum. Seyðisfjörður er í verulegri fjarlægð frá þekktum laxveiðiám (80-100 km) og þar af leiðandi lítil samlegðaráhrif með öðru eldi á Austfjörðum. Talin er lítil hættu á að lax sem sleppur í Seyðisfirði leiti í ár til norðurs gegn straumi og langt er í ár til suðurs. Samlegðaráhrif aukins laxeldis á genamengi villtra laxastofna eru því talin lítil eða óveruleg.

6.13.4 Vöktun og mótvægisáðgerðir

Mikilvægt er að fyrirtækin sem stunda fiskeldi á Austfjörðum myndi samstarfsvettvang til að deila upplýsingum og reynslu varðandi búnaði og eldi. Einnig eru samskipti mikilvæg til að deila þekkingu á óvissuþáttum og umhverfisþáttum til að fyrirbyggja mögulegt tjón.

Nú er talið að nokkur hluti strokulaxa sem finnast í villtri náttúru í Noregi hafi sloppið sem smáseiði. Lífslíkur þeirra eru mestar eins og áður hefur verið fjallað um. Mikilvæg mótvægisáðgerð felst því í að fyrirbyggja möskvasmug (kafli 6.5).

6.13.5 Niðurstaða

Aukin umsvif í sjókvíaeldi eru í heildina talin mjög jákvæð fyrir samfélagið. Áhrif á vistkerfi fjarða eða á stofnerfðasamsetningu á villtum laxastofnun eru talin óveruleg.